

# Framboð til kirkjuþings

## Diljá Ámundadóttir Zoega

1. kjördæmi

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Ég heiti Diljá Ámundadóttir Zoega og býð mig fram sem leikmaður á Kirkjuþingi kjörtímabilið 2026–2030. Ég er að ljúka fyrsta ári í guðfræði við Háskóla Íslands og er með diplómu á meistarastigi í sálgæslufræðum. Ég er varaþingmaður á núverandi kjörtímabili, sat í 12 ár í borgarstjórn (2010–2022) og á sæti í nokkrum stjórnnum, þar á meðal RÚV, Berginu headspace, Gló stuðningsfélagi og Kvennaskólanum í Reykjavík.



### Samband mitt við kirkjuna

Ég hef búið mestalla ævi mína í nágrenni við Hallgrímskirkju. Þar fermdist ég árið 1993 og útskrifaðist sem stúdent úr Kvennaskólanum um aldamótin. Samband mitt við kirkjuna hefur tekið breytingum með árunum, en ég hef bæði haft mikla óbeit á kirkjuklukkunum á sunnudagsmorgnum uppúr 10:30, á menntaskólaárunum, og svo saknað þeirra sárlega með heimþrá þegar ég hef búið erlendis, á háskólaárunum.

Í kirkjuna hef ég komið til að kveðja látna sem mér hefur þótt vænt um og bæði grátið mikið og líka hlegið. Og fagnað ástinni og fegurðinni í stofnun hjónabands vina og ættingja. Á síðast liðnum árum hef ég sótt fjölda kórtónleika í Hallgrímskirkju, sótt almennar messur á sunnudagsmorgnum sem og hátíðarmessur í Hallgrímskirkju og finnst það yfirleitt hápunktur hátíðarinnar hverju sinni.

Síðan ég eignaðist agnarsmáa fyrirburann minn hef ég iðkað bænina meira en nokkurn tíma fyrr.

Ég fór reglulega upp í Hallgrímskirkju að biðja fyrir dóttur minni, sem barðist fyrir lífinu sínu, og fyrir öllu starfsfólkinu sem annaðist hana á Vökudeildinni og Barnaspítalanum. Sjálf fékk ég frið í móðurhjartað.

Eins finnst mér líka gott að hafa Hallgrímsturninn sem hluta af útsýni heimilis okkar mæðgna. Bæði á Baldursgötunni þar sem við bjuggum fyrstu árin og þá sérstaklega núna á Þórsgötu - hér spilar hann stórt hlutverk í hversdeginum okkar, enda á ég margar myndir af honum.

Reynslan hefur kennt mér að þó trú og tengsl við kirkju geti tekið breytingum, þá getur kirkjan engu að síður verið stöðugur griðarstaður. Kirkjan alltaf verið minn helsti öryggispunktur í tilverunni. Hún hefur alltaf veitt mér skjól og tekið utan um mig.

### **Mitt framboð**

Við lifum á tímum ólgu og ölduróts. Á slíkum tímum tel ég mikilvægt að kirkjan sé opin, nærandi og aðgengileg, staður þar sem fólk finnur skjól, merkingu og tengsl. Með reynslu mína úr opinberum störfum, námi í guðfræði og sálgæslu, og eigin lífsreynslu, vil ég leggja mitt af mörkum til að efla diakoníuna í kirkjunni okkar þar sem lifandi og hlustandi samfélag sem mætir fólki þar sem það er statt hverju sinni. Ég mun leggja áherslu á mennsku, mannúð og mannréttindi í hvívetna.